

**50. fundur**

17. mars 2015

1201046SA SBG  
Málalykill: 502

## **Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands þann 17. mars 2015 kl. 13:00.

Fulltrúar Proskapjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### **1. Gildistími launaröðunar ráðgjafaþroskaþjálfa í Hafnarfirði og Mosfellsbæ, framhald frá síðasta fundi**

Á síðasta fundi var fallist á að ráðgjafaþroskaþjálfi raðist sem umsjónarþorskaþjálfi 1, en ekki var tekin afstaða til þess frá hvaða tíma röðunin taki gildi.

#### **Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að leiðrétt röðun taki gildi frá 1. júní 2014.

### **2. Bókun 3 í kjarasamningi aðila**

Samkvæmt bókun 3 í kjarasamningi Proskapjálfafélag Íslands við Samband íslenskra sveitafélaga eiga aðilar að endurskoða starfaskilgreiningar og launaröðun. Í því felst m.a. að unnar verði tillögur að skýrari starfaskilgreiningum. Niðurstaða átti að liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 2015, sem lögð verður til grundvallar í næstu kjaraviðræðum. Nánari útfærsla og tímasett aðgerðaráætlun verður hluti af viðræðuáætlunum aðila.

#### **Niðurstaða:**

Proskapjálfafélag Íslands mun kynna SNS tillögur vinnuhóps félagsmanna um endurskoðun starfaskilgreininga á næsta fundi.

### **3. Þóknun til forstöðuþroskaþjálfa skv. gr. 1.5.3.**

#### **Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að ítreka eftirfarandi bókun í fundargerð 49, vegna niðurstöðu könnunar meðal félagsmálafulltrúa. Bókunin verður send til

*SJG*  
*JF*

félagsmálafulltrúa, framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra sveitarfélaga og launafulltrúa.

Í kjölfar könnunar sem send var til félagsmálafulltrúa um framkvæmd greinar 1.5.3 í kjarasamningi sem segir: "SKYLT að ákvarða forstöðumönnum sérstaka þóknun vegna álags í starfi." kom í ljós að framkvæmd ákvæðisins væri almennt ekki með réttum hætti. Af þessu tilefni er þeim tilmælum beint til sveitarfélaga að kanna hvort forstöðuþroskaþjálfum er greidd ákveðin þóknun í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

Við ákvörðun þóknunar þarf auk þess að taka tillit til þess að vegna eðli starfa forstöðumanna er þeim ekki tryggður sérstakur tími til töku kaffítíma, sem eru 12,54 klst. á mánuði m.v. 100% starf. Til annars álags í starfi utan dagvinnutíma má telja; skipulag mönnunar vakta vegna veikinda, umsýslu vegna umsjónar með húsnæði og öryggismálum, umsýslu vegna daglegs lífs ílbúa, samskipti við aðstandendur og utanaðkomandi aðila og þess háttar verkefni sem til geta fallið hvenær sem er sólarhringsins.

Álag, áreiti og vinnuframlag utan dagvinnumarka hjá þroskaþjálfum sem veita forstöðu úrræðum sem starfrækt eru allan sólarhringinn er eðli málsins samkvæmt almennt meira en hjá öðrum forstöðumönnum og því rétt að þóknun til þeirra taki mið af því í formi sanngjarnra yfirvinnugreiðslna eða stjórnendaálags.

#### Taki forstöðumaður aukavakt fellur það utan þóknunar skv. greininn.

Ef samkomulag hefur orðið um að starfsmaður safni allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu ber ALLTAF að greiða yfirvinnuálag sem er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns. Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í fríi, heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.

Frí vegna yfirvinnu frá fyrra ári, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, skal greitt út sem dagvinnustundir við næstu reglulegu útborgun.

Ef yfirvinnubann er hjá sveitarfélögum þarf að ákveða þóknun samkvæmt framansögðu í öðru formi t.d. með stjórnendaálagi. Ef forstöðumenn þurfa að taka aukavakt er skyld að greiða yfirvinnu sé ekki til staðar samkomulag skv. grein 2.3.8 í kjarasamningi.

#### 4. Röðun þroskaþjálfa á Fljótsdalshéraði

Ágreiningur er um röðun þroskaþjálfa á félagslegri hæfingu og iðju hjá Stólp. Honum er raðað sem þroskaþjálfa I í lfl. 20, en Þí telur að raða eigi honum sem yfirþroskaþjálfa í lfl. 27.

##### Niðurstaða:

SNS skoðar framlögð gögn milli funda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15

*Ruqaréni Ólafsdóttir* *Sanjeev S. Siswade*  
*Sanjay S. Siswade* *Anna Þóra Magnússon*